



**Bráðabirgða skýrsla um fornleifarannsóknir á Hrafnseyri og Auðkúlu sumarið
2013
og fjarkönnunarrannsókn sumarið 2014.**

Inngangur

Fornleifarannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hófst árið 2011 með gerð könnunarskurða. Sumarið 2012 fór fram tvær rannsóknir, í gamla kirkjugarði og austan við gamla kirkjugarðinn (sjá framvinduskýrslu vegna rannsókna 2012)

Sumarið 2013 fór rannsóknin fram á Hrafnseyri og Auðkúlu. Rannsóknin hlaut styrk frá Menntaáætlun Evrópusambandsins sem fólst í því að nemendur við breska háskóla fengu styrki í formi ferða og upphalds til ýmissa staða í Evrópu þar sem þeir fengu tækifæri á að starfa við fornleifarannsóknir og fá þannig þjálfun í vettvangsvinnu.

Sumarið 2014 fóru fram fjarkönnunarrannsóknir á Hrafnseyri.

Náttúrustofa Vestfjarða hefur tekið á móti nemendum síðan 2009 og hafa um 50 nemendur komið og unnið við rannsóknir Náttúrustofnunar. Sumarið 2013 komu 8 nemendur og unnu við rannsóknir á Hrafnseyri og Auðkúlu í 4 vikur. Auk þessara nemenda störfuðu við rannsóknina Rúna Þráinsdóttir fornleifafræðingur og Scott Riddel fornleifafræði nemi við Háskóla Íslands.

Rannsókn sumarið 2013.

Skýrslu vegna rannsókna ársins 2013 er ekki lokið að fullu vegna þess að rannsóknin hefur ekki hlotið neina styrki til úrvinnslu og vinnur stjórnandi að úrvinnslu í frítíma sínum áfangaskýrsla er væntanleg snemma vors 2015 fyrir rannsóknir ársins 2013 og fjarkönnunarrannsókn 2014.

Markmið rannsókna sumarsins 2013 var eftirfarandi:

- Klára að grafa fram jarðhýsi sem fannst árið 2012
- Stækka skurð á miklum vegg sem fannst og kanna frekar
- Gera könnunarskurði á Auðkúlu og kanna eðli og umfang minja þar
- Kanna hinn svonefnda undirgang í Hrafnseyrar-túni

Í upphafi árs 2013 kom til baka niðurstaða úr C14 greiningu á sýni út kjálka og tönnum einskalins sem tekið var úr gamla kirkjugarðinum við rannsókn árið 2012. Niðurstaða þeirrar rannsóknar varð sú að sá einstaklingur hafði látist á fyrrihluta 11. aldar. Þetta þýðir að gamli kirkjugarðurinn er að öllum líkindum frá frumkristni. Líklegt er því að byggð hafi hafist á Hrafnseyri fyrir árið 1000 þegar kristni var lögtekin í landinu.

Síðar um sumarið 2012 komu fram minjar sem studdu og styðja enn frekar þá niðurstöðu.

Sumarið 2013 var uppgriftarsvæðið stækkað með það að markmiði að fá að fullu fram jarðhýsi sem fannst árið áður ennfremur var svæðið stækkað aðeins til suðurs.

Jarðhýsi

Jarðhýsið reyndist vera töluvert niðurgrafið. Það er 6 metrar á lengd sem telst til stærri gerða af jarðhýsum. Svart lífrænt gólflag með beinaleifum var í jarðhýsi og fundust illa farnar leifar ofns í vestur enda þess. Þar fundust jafnframt sléttir blágrýtis steinar sem líklega eru svonefndir hitunarsteinar og sambærilegir þeim sem fundust á Grelutóftum. Í gólfi fannst járnhlutur sem líkist litlum spjótsoddi auk kljástaina og skaft af Klébergsgrýtu en þær voru algengar á 10 öld. Jarðhýsið var niðurgrafið og veggir þess hafa verið út torfi án grjótundirstöðu. Jarðhýsið er mjög sérstakt fyrir það að því hefur verið lokað með mjög róttækri aðgerð fljótlega eftir að húsið hefur farið út notkun. Mörg þeirra jarðhýsa sem grafin hafa verið upp hafa með tíð og tíma smá saman fallið saman, leifar þaks fallið inn og rústir jafnvel verið fylltar af drasli. Jarðhýsið á Hrafnseyri hefur hins vegar verið fyllt af mjög grófu grjóti sem lá beint ofan á gólfinu án þess að nein lög fyndust þar á milli. Mikil vinna hefur verið lögð í að bera þetta grjót á sinn stað enda ófáir rúmmetrar. Torf fannst allstaðar inn á milli þessa grjóts og ljóst er að torfveggir hússins hafa ekki þolað þunga grjót fyllingarinnar og hrunið inn í rústina þegar hún var fyllt



Mynd 1. Jarðhýsið, rétt ofna við mælistiku eru leifar ofns.

Ofn hússins brotnaði saman og einu merki um hann var slétt grjót sem hefur verið notað í ofinn og sléttir blágrýtissteinar sem greinilega höfðu verið í eldi. Þykkara kolalag var þar sem ofinn hefur staðið auk þess sem hrúga af kolum hefur staðið við hlið ofnsins. Þegar lokið hafði verið við að fylla húsið af grjóti hefur c.a 20 cm lag af þéttu mýrartorfi verið lagt ofan á jarðhýsið. Eftir að jarðhýsið hafði verið fyllt af grjóti og þykkt torflag lagt ofan á, virðist sem mül hafi verið sett allt í kring til þess að loka endanlega holunni sem jarðhýsið hafði skilið eftir sig. Mül var því ofan á þar sem veggir höfðu áður verið. Ljóst er að töluverð vinna hefur verið að fylla húsið og loka því eftir að notkun var hætt.

Kolagröf

Svæðið í kring um jarðhýsið var nokkuð sérstakt og vakti strax athygli árið 2012. Svæðið var mjög svart af kolum og kolasalla. Árið 2012 komu í ljós tvær holur sem voru að öllum líkindum soðholur.

Mikið var að beinaleifum í holunum sem benda til að þær hafi verið notaðar til eldunar.

Skjólveggur virðist líka hafa verið hlaðin þar nærri.

Sumarið 2013 var svæðið stækkað til suðurs og enn hélt þetta svarta lag áfram og

þykknaði. Fljótlega kom í ljós hola sem var mun stærri en

þær sem fundist höfðu árið áður. Hafst var handa við að grafa upp úr holunni og var í henni mikið magn af eldsprungnum steinum og beinaleifum. Var lengi haldið að um væri að ræða stóra soðholu eins og þær sem fundist höfðu árið áður. Þegar lengra var komið ofna í holunni fór að birtast gripir, brýni, brot út snældusnúðum og glerperlur. Þarna var ljóst að hola hafi á einhverjum tímamarki verið fyllt af rusli sem gæti skýrt beinaleifarnar. ...



Mynd 2. Kolagröf við hlið jarðhýsisins

Eftir meiri gröft kom í ljós mikið magn af koluðum greinum, nokkuð sverum og margar þeirra báru enn axarför. Ljóst var að þarna var um að ræða kolagröf. Hólan reyndist vera meira en einn metri á dýpt.

Garðlag.

Árið 2012 fannst mjög sérstakt garðlag fyrir neðan Bælisbrekku. Garðlagið var sérstakt fyrir þá staðreynd að það var um 2 metrar á breidd sem telst mjög vegleg garðhleðsla. Svæðið var stækkað árið 2013 og gengið út skugga að um garðlag væri að ræða og útiloka að veggurinn væri af húsi. Þetta reyndist verða garðlag og verður kannað frekar með fjarkönnun hvort hugsanlega geti verið að ræða virkisvegg sem getið er um í Sturlungu. Líklegra er þó að um sé að ræða túngarðsvegg.



Mynd 3. Hið þykka garðlag á Hrafnseyri. Fjarkönnun leiddi í ljós að veggurinn nær töluvert í austur.

Við fjarkönnun kom í ljós að þetta garðlag liggur meðfram Bælisbrekku

Auðkúla

Gerðir voru tveir könnunarskurðir á bænum Auðkúlu. Bóndinn þar hafði veitt athygli rústum fyrir nærri skógrækt á bænum. Rústirnar eru ekki mjög greinilegar á yfirborði en nokkuð skýrar á loftmyndum (sjá mynd 8) . Á loftmyndum sjást tveir skálar og fleiri minni hús þar i kring. Á svæðinu fannst gjall á yfirborði á nokkuð stórum hól. Tveir skurðir voru gerðir. Annar skurðurinn var gerður í rúst og kom í ljós að um er að ræða skála sem er um 14 metrar að lengd. Hinsvegar var gerður lítill skurður í hólinn þar sem gjallið hafði fundist á yfirborði og kom í ljós að allur hóllinn er stór gjallhrúga og fannst gjall með miklu járninnihaldi auk bræðslugalls sem eingöngu myndast þegar tappað er af ofnum við járnframleiðslu.

Ljóst er að járn hefur verið unnið þarna í umtalsverðu magni miðað við stærð gjallhaugsins. ____



Mynd 4. Gjallhaugurinn er nokkuð hár eins og sést á þessari mynd og mikið magn af bræðslugjalli.



Mynd 5. Könnunarskurður í neðri skálann á Auðkúlu.


Fjarkönnunarrannsóknir árið 2014.

Vorið 2014 komu til landsins breskir fornleifafræðingar frá Grampus Heritage og gerðu fjarkönnunar rannsókn á Hrafnseyri. Notuðust þeir við tvennskona tæki, annarsvegar jarð segulmælingar og hinsvegar viðnámsmælingar. Báðar mælingarnar virkuðu á jarðveginn á Hrafnseyri og mjög góðar niðurstöður komu úr rannsókninni. Gamla kirkjan og kirkjugarður sjást vel á myndunum.


Báðar rannsóknirnar benda til þess að fast við núverandi kirkjugarðsvegg er rúst þar sem járnvinnsla hefur farið fram eða mikið járn er í jörðu. Svonefndur undirgangur kemur fram á báðum myndum sem röskun á jarðvegi. Austur af núverandi uppgrefti sést svæði þar sem frekari minjar er að finna, hugsanlega fleiri kolagrafir. Túngarður sem rannsakaður var sést greinilega á myndunum og heldur hann áfram til austurs. Niðurstöður fjar-könnunarrannsókna hafa gert rannsóknina mun auðveldari þar sem hægt er að sjá hvar minjar er að finna í jörðu og gera rannsóknina markvissari.




Mynd 6. Fornleifafræðingar frá Bretlandi vinna að viðnámsmælingum á Hrafnseyri




Mynd 7. Niðurstöður segulmælinga



Mynd
8. Niðurstöður Viðnámsmælinga



Mynd 9. Skjástot að vefsíðu Minjastofnunar sem sýnir minjar á Auðkúlu



Mynd 10. Innmæling á minjum á Auðkúlu

Samantekt

Rannsóknir sumarsins 2013 voru mjög árangursríkar. Öll markmið sem sett voru í upphafi sumars náðust. Klárað var að grafa fram jarðhýsi á Hrafnseyri og rannsóknir hafnar á Auðkúlu.

Á Hrafnseyri tókst að staðsetja miðaldabyggð eins og lagt var upp með í upphafi rannsókna. Ljóst er að miðaldabyggð hefur verið í túninu neðan, og austan við gamla kirkjugarðinn. Túnið er hinsvegar stórt og engar minjar eru greinilegar á yfirborði.

Eftir fjarkönnunarrannsókn síðasta sumar er mun auðveldara að gera sér grein fyrir hvar minjar er að finna í þessu stóra túni. Á myndum sjást hugsanlega þrjár byggingar og austur af svæðinu þar sem jarðhýsi og kolagröf eru vísbendingar um að fleiri kolagrafir sé að finna. Svo virðist sem jarðhýsið hafi verið byggt eftir að kolavinnsla hófst á svæðinu. Ekki hefur verið ákjósanlegt að hafa íbúðarhús svo nærri kolagröf bæði vegna eldhættu og reyks.

Rannsóknir benda til að á Hrafnseyri hafi snemma verið byrjað að vinna kol úr jörðu og munu 14 síni úr kolagröf vonandi staðfesta aldur þess, en ein greinin hefur greinileg axarför og hefur því verið höggin til kolavinnslu og því ætti að koma marktæk niðurstaða. Niðurstöður úr aldursgreiningu frá kirkjugarðinum benda til þess að kirkja hafi verið reist á Hrafnseyri strax eða mjög fljótlega eftir kristnitöku og því verði sestur þar að um árið 1000 velmegandi bóndi

Við fjarkönnunarrannsókn sást greinilega lítt rúst sem stendur fast við núverandi kirkjugarð (á milli þess gamla og nýja). Þessa rúst má greina á yfirborði. Það sem var athyglisvert er að bæði segulmælingarnar og viðnámsmælingar benda til þess að mikið járn sé í gólfi þessarar rústar og því forvitnilegt að kanna hvort sú rúst tengist kolavinnslu og hvort járnvinnsla hefur jafnframt verið stunduð á Hrafnseyri eins og var gert á Auðkúlu og Grelutóptum.

Niðurstöður úr báðum tækjum sýna að þar sem hin svokallaði „undirgangur“ er breyting í jarðvegi.

Niðurstöður fjarkönnunarrannsókna sumarið 2014 gáfu til kynna hvar minjar er að finna í túninu á Hrafnseyri og hefur það auðveldað rannsóknina mikið því hægt er að opna svæði nákvæmlega yfir minjunum.

Rannsóknir ársins 2015 munu því miða að því að kanna rúst við núverandi kirkjugarðsvegg á Hrafnseyri. Einnig er áætlað að skoða svæðið á Auðkúlu þar sem gjallhaugur fannst og rannsaka hvort um er að ræða minjar um umfangsmikla járnvinnslu eins og allt bendir til. Á Auðkúlu eru tveir skálar og hefur annar verið staðfestur með könnunarskurði. Hinn skálinn er ofar og þar eru jafnframt minjarnar um járnvinnslu. Þessar minjar eru í mikilli hættu þar sem skórækt þar við hliðina hefur tekið að sjá sér um svæðið og minjar eru mjög grunnt. Innan nokkurra ára verða því minjar á efra svæðinu á Auðkúlu horfnar undir skóg og að öllu glataðar. Mjög mikilvægt er því að rannsaka og bjarga efra svæðinu á Auðkúlu (sjá mynd 9)

Heimildaskrá

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Guðný Zoëga, 2012, Fornleifakönnun á Hrafnseyri við Arnarfjörð, NV nr. 08-12

Guðmundur Ólafsson *Grelutóftir Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð*. Árbók Hins íslenska fornleifafélags. 76. Árg. 1979.

Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka. Sturlunga saga II. Ritstj. Thorsson Ö. Svart á hvítu, Reykjavík 1988: 883-931.